

## Bókun frá Salvöru Gissurardóttur

21. September 2011

Það að tryggja tjáningarfrelsi og sporna við takmörkunum á því er í eðli sínu meira en samkeppnismál og ekki nóg að fela Samkeppniseftirliti einu eftirlit og frumkvæði með því. Þar kann að leiða til þess að fyrst og fremst verði litið á eignarhald fjölmiðla sem samkeppnismál í staðbundnu umhverfi á Íslandi þar sem vara er seld og vara er keypt.

Fjölmiðlun breytist núna hratt, miklar tæknibreytingar eru að verða og þó erfitt sé að finna algild prósentuviðmið sem eiga að gilda um eignarhald á fjölmiðlum þá er ljóst að tjáningarfrelsi á Íslandi er í hættu við þær aðstæður að einn eða fáir aðilar hafi ráðandi hlut á fjölmiðlamarkaði og einir vald yfir þeim dreifileiðum, boðleiðum og rýmum sem fjölmiðlar nýta.

Það þarf sérstaklega að sporna við lóðréttri samþöppun þar sem hætta er á að eitt fyrirtæki á dreifileið fjölmiðils sé í einokunaraðstöðu og setja við því skorður t.d. bann við að fyrirtæki sem rekur ljósleiðara og fjölmiðlafyrirtæki sé í eigu sömu aðila og rekið sem eitt fyrirtæki. Þá þarf einnig að binda í lög hvaða fyrirtæki má reka saman með fjölmiðli og setja reglur um hvað íslenskur fjölmiðill sem dreifir efni á Íslandi á íslensku, efni sem ætlað er íslenskum almenningi má vera að miklum hluta í eigu erlendra fjárfesta.

Með hliðsjón af íslenskum fjölmiðlamarkaði bæði fyrir og eftir efnahagshrun, markaði sem einkennist af gífurlegri samþjöppun og fákeppni og þar sem tveir aðilar eru stærstir, annars vegar ríkisútvarp og hins vegar ein fjölmiðlasamsteypa þá virðist skynsamleg varúðarráðstöfun til að tryggja sem mest tjáningarfrelsi og aðgang nýliða að fjölmiðlun að festa í lög ákveðin viðmið um hvað markaðshlutdeild fjölmiðils á ákveðnum markaði má vera há áður en skylt væri að kljúfa reksturinn í fleiri fyrirtæki. Það kom fram hjá þeim fulltrúum fjölmiðla sem komu til fundar við nefndina að slíkt myndi ekki vera sérlega íþyngjandi fyrir fjölmiðla að því gefnu að slíku ákvæði fylgdi nógu langur aðlögunartími.

Miklar breytingar hafa orðið og eru fyrirsjáanlegar á fjölmiðlun á næstu árum í tengslum við miðlun á Interneti. Fleiri geta nú tjáð sig í opinberri umræðu og samræðu í netmiðlum og er Netið vettvangur margradda fjölmiðlunar og mikilvægt tæki til opinnar og upplýstrar umræðu. Umræða og dreifing á efni í netmiðlum fer oft fram í alþjóðlegu rými þar sem eigendur samfélagsrýma og upplýsingaveitna eru stórfyrirtæki sem selja staðbundnar auglýsingar og aðlaga umhverfi, viðmót og aðgang notenda að sinni markaðsstefnu. Mikil samþjöppun hefur orðið á þessu sviði og hafa ákveðin erlend samfélagsrými og upplýsingaveitur yfirburðastöðu. Þróunin er sú að sífellt fleiri sækja fréttir og miðla fréttum og upplýsingaefni í samfélagsrýmum sem ekki eru í íslenskrí lögsögu. Það er nauðsynlegt að huga sérstaklega að þessum þætti og taka netmiðlun út sérstaklega í lögum og reglugerðum og þá horfa til lagasetningar annarra ríkja.